



Reykjavík

02.07.2021

Til þess er málið varðar

Varðandi þjónustu Landspítala við alvarlega langveik börn

Landspítali hefur frá árinu 2004, þegar Rjóðrið var stofnað, sinnt hvíldar- og endurhæfingarinnlögnum fyrir alvarlega langveik börn. Markmið Rjóðurs hefur alltaf verið að þjónusta þau börn sem ekki geta verið í þjónustu hjá sínum sveitarfélögum vegna alvarleika sinna veikinda.

Staðan er hins vegar þannig í dag að það eru þónokkur börn sem eru í þjónustu bæði í Rjóðri og hjá sínu sveitarfélagi og einnig eru börn að fá þjónustu í Rjóðri sem gætu veikinda sinna vegna verið í þjónustu sveitarfélaga.

Aukin þörf er fyrir þjónustu við veikasta hóp langveikra barna og einnig fyrir endurhæfingu barna eftir alvarleg veikindi. Til þess að geta mætt þessari auknu þjónustubörf veikasta hópsins þarf Landspítali að skerpa á og fylgja betur markmiðum með starfsemi Rjóðurs. Frá og með næstu áramótum 2021/2022 munu því einungis börn sem ekki njóta þjónustu annars staðar s.s. í skammtímavistunum og þurfa veikinda sinna vegna að fá hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir á 3.línu heilbrigðisstofnun fá dvalartíma í Rjóðri.

Þetta mun óhjákvæmilega hafa þau áhrif að sumir foreldrar munu óska eftir aukinni þjónustu frá sínu sveitarfélagi. Þetta erindi er sent til að upplýsa sveitafélög um þessa breytingu á áherslum í starfsemi Rjóðurs í samræmi við upphafleg markmið starfseminnar, svo sveitafélögin hafi ráðrúm til að undirbúa sig fyrir aukna þjónustubörf við þennan skjólstæðingahóp.

Fyrir hönd Landspítala

Linda Kristmundsdóttir

Forstöðumaður kvenna- og barnaþjónustu Landspítala

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026